

Ályktun um rannsóknir og nýsköpun

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnafirði, 18. og 19. október 2024, skorar á stjórnvöld að auka stuðning við rannsóknir og nýsköpun á Vestfirðum og víðar á landsbyggðinni.

Viðvarandi skerðingar síðustu ára á fjárveitingum til smærri stofnana og starfstöðva stofnana utan höfuðborgarsvæðis, eru að sliga rekstur þeirra. Fjórðungsþing bendir á að markmið fjárlaga og fjármálaáætlunar eru í klárri andstöðu við markmið stjórnvalda um fjölgun starfa, eflingu framhaldsmenntunar, rannsókna og þekkingar til styrkingar byggðar um land allt.